

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1100/2008, um meðferð persónuupplýsinga við framkvæmd erfðarannsókna.

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. reglna nr. 1100/2008 bætist nýr málslíður, svohljóðandi:
Þá gilda reglurnar, eftir því sem við á, um meðferð upplýsinga um látna einstaklinga.

2. gr.

Fyrirsögn 3. gr. reglnanna hljóði svo: Upplýst samþykki, fræðsla og andmæli.

3. gr.

Við 3. gr. reglnanna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Óheimilt er að afla viðkvæmra upplýsinga um látinn mann, þ. á m. lífsýna, til nota við framkvæmd erfðarannsóknar hafi viðkomandi með sannanlegum hætti andmælt vinnslu persónuupplýsinga um sig í þágu vísindarannsókna. Ef upplýsingar um látinn mann geta falið í sér viðkvæmar upplýsingar um niðja skal virða andmæli þeirra, nema sérstaklega standi á.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 29. gr., 2. mgr. 30. gr., 3. mgr. 32. gr. og 2. másl. 33. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

Persónuvernd, 19. apríl 2010.

Páll Hreinsson.

Sigrún Jóhannesdóttir.